



Myndin er af stúdentunum, sem að þessu sinni útskrifuðust frá Menntaskólanum á Akureyri. Við athöfnina sem fram fór þar 17. júní flutti Einar Karl Haraldsson minni Jóns Sigurðssonar. Ávarp fjallkonunnar flutti Hjördis Daníelsdóttir en aðalræðu dagsins flutti Heiðrekur Guðmundsson skáld. Mikið fjölmenni tók þátt í 17. júní hátíðahöldunum á Akureyri, mjög heitt var um miðjan daginn, en kólnaði heldur, þegar liða tók á kvöldið. Keppt var í frjálsum íþróttum, og knattspyrnukeppni fór fram milli bæjarstjórnar og blaðamanna. Um kvöldið var stígninn dans á Ráðhústorginu.

Endurskoðun á lögum um óréttmæta verzlunarhætti

Sjómannaverkfallið

Í tilefni af yfirlýsingu yfirmanna kaupskipaflotans, sem Tím inn birti í gær, spurði blaðið

Tilkynning vegna garðúðunar

Þar sem úðun trjáa stendur nú yfir í borginni, er enn ástæða til að vara fólk alvarlega við hættum þeim, sem úðuninni eru samfara. Sérstaklega skal fólk varað við að láta börn vera nærri, þar sem úðun fer fram, eða láta sængurföt, barnavagna, fatnað, leikföng og þess háttar vera úti þar sem hætta er á, að þau mengist.

Komi óhöpp fyrir, er mjög brýnt fyrir fólki að þvo lyfið af með sæpu og vitja lækni ef ein-kenni koma fram. Borgarlæknir.

Tilkynning frá Hafliða Jónssyni garðvrkjstjóra

Það skal tekið fram, að úðun einstaklinga gegn skordýrum í gördum er ekki og hefur aldrei verið á vegum Reykjavíkurborgar. Eina fyrirgreiðslan, sem Reykjavíkurborg hefur getað gefið í þessum efnum hefur verið að geta hlutaðeigandi upplýsingar um heppileg lyf og gefa visbendingar um menn, sem tekið hafa að sér úðun. Á hinn bóginn hefur borgarlæknir nú fyrir skömmu birt aðvaranir um lyf, sem skylt er að kynna sér og fara eftir.

Hjört Hjartar, framkvæmdastjóra, skipadeildar SÍS, hvað hann vildi segja um upplýsingar þær, er þar kæmu fram.

— Þarna er að sjálfsgöðu aðeins sjónarmið annars aðilans á ferðinni, sagði Hjörtur — sem segir ekki söguna alla. Mál þetta hefur verið lagt til úrskurðar óvilhalls aðila, og mér finnst rétt, að láta frekari deilur niður falla að svo komnu máli.


Fundi Norrænu neytenda málamefndarinnar lauk í Alþingis húsinu í dag, miðvikudag. Hefur hann þá staðið yfir í tvo daga, og hafa fjöldamörg mál verið tek in til umræðu.

Í gærmorgun setti Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur fundinn og bauð gesti velkomna. Því næst tók dr. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra til máls. Hann kvað það vera Íslendingum gleðiefni að þessi fundur skyldi haldinn hér og það hefði verið hin ágætasta ráðstöfun, er Norðurlöndin tóku höndum saman um neytenda

málefni. Við Íslendingar værum komnir of skammt á þessu sviði, og gætum því mikið lært af hinum Norðurlöndunum. Hér vantaði ráðuneyti til að fjalla um þessi mál og til tals hefði komið að við viðskipta- eða félagsmálaráðuneytið yrði stofnuð deild, sem fjallaði um „fjölskylduneyzlu-málefni“. Þess má geta, að á öllum hinum Norðurlöndunum fara deildir innan ráðuneytanna með þessi mál. — Ursula Vallberg, formaður nefndarinnar (Svíþjóð), þakkaði ráðherranum og þeim, sem undirbúið hafa þennan fund,

og kvaðst vona, að hann mætti verða til þess, að auka enn á kynni Norðurlandanna á þessu sviði.

Á fundinum í dag og í gær hefur meðal annars verið rætt um norræna löggjöf um verðlags- og neytendamál. Í gær ræddi Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur, formaður íslensku nefndarinnar, um íslensku lögin um óréttmæta verzlunarhætti og nauðsyn endurskoðunar laganna, en öll hin Norðurlöndin eru nú að endurskoða sína löggjöf um Framhald á bls. 14.



Myndlistarsýning í Hallveigarstöðum

FB-Reykjavík, miðvikudag.

Á kvennadaginn, 19. júní, var þess minnst, að Hallveigarstaðir eru nú risnir af grunni. Var í því tilefni opnuð listsýning í hús-

inu, þar sem kynnt er nokkuð af því, sem konur hafa lagt af mörk um í ýmsum greinum myndlistar á Íslandi.

Frú Sigríður J. Magnússon

opnaði listsýninguna rakti sögu Hallveigarstaða og þakkaði öllum, sem unnið hafa að því, að þetta aðsetur Kvennasamtakanna er nú risið. Frú Marja Björnsson afhenti flygil, sem er gjöf frá Vestur-Íslendingum, en hún hefur safnað fé og séð um kaup á hljóðfærinu. Þrjár ungar stúlkur léku á hljóðfærið við þetta tækifæri. Margir boðsgestir voru við opnun sýningarinnar.

Alls eru sýnd verk eftir 27 konur. Af þeim eru þrjár látnar, Júlíana Sveindóttir, Kristín Jónsdóttir og Nína Sæmundsson. Á sýningunni eru verk eftir þessar konur: Listmálarar: Barbara Árna son, Eyborg Guðmundsdóttir, Gréta Björnsson, Guðmunda Andr ésdóttir, Helga Weissappel, Ingi björg Eggerz, Júlíana Sveinsdóttir, Jutta Guðbrandsson, Karen Agnete Þórarinnsson, Kristín Jónsdóttir, Louise Matthíasdóttir Matt hea Jónsdóttir, Nína Tryggvadóttir Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Ragnheiður Jónsdóttir og Sólveig E. Pétursdóttir. Myndhöggvarar:

Erla Ísleifsdóttir, Gerður Helga dóttir, Gunnfríður Jónsdóttir Nína Sæmundsson, Ólöf Pálsdóttir, Þorbjörg Pálsdóttir. Listvefnað sýna: Ásgerður Ester Búadóttir, Vigdís Kristjánsdóttir. Leirmuni sýna: Hedi Guðmundsson og Stein unn Marteinsdóttir.

Sýningin er í tveimur sýningar-sölum og anddyri í kjallara Hallveigarstaða. Inngangur er frá Túngötu. Annar salurinn er að láni frá Húsmaðrafélagi Reykjavíkur, sem hefur hann á leigu til starfsemi sinnar. Hinn salurinn verður framvegis leigður til fundar halda og sýninga.

Margar listakonur hafa aðstoðað við uppsetningu sýningarinnar og kann framkvæmdastjórinn þeim miklar þakkir fyrir. Í undirbúningsnefnd sýningarinnar voru þær Petrína Jakobsso, teiknari, Guðrún Heiðberg, kaupkona, og Sigríður Thorlacius, en þær ásamt formanni framkvæmdastjórnar, Sigríði J. Magnússon, höfðu á hendi undirbúning sýningarinnar.



Nýr póststimpill

Hinn 1. júlí fer Boeing-pota Flugfélags Íslands í fyrstu áætlunarferðirnar til London um morguninn og Kaupmannahafnar síðdegis.

Í tilefni af þessum atburði, sem markar tímamót í samgöngumálum Íslendinga, hefur póst- og símamálastjórnin látið gera sérstakan póststimpil.

Með póststimpli þessum verður hægt að fá stimplaðar allar bréfaþótsendingar, sem með þotunni eiga að fara, enda sé þeim skilað í afgreiðslu bréfaþótsstofunnar í Pósthússtræti í Reykjavík, fullfrimerktum og árituðum í síðasta lagi kl. 18.00 fimmtudaginn 29. júní n.k.

Reykjavík, 21. júní 1967.